

Notkun innsleginnar töru

1. Veljið Innslegin tara á Vogaraðgerðasiðunni og ýtið á STAÐFESTINGAR-takkann.
2. Færið inn stærð törunnar, með tugabrotspunkti ef þarf, og ýtið á STAÐFESTINGAR-takkann til að staðfesta.
3. Ýtið á SÍÐU-takkann þar til Vogarsíðan birtist aftur.

NET-vísirinn birtist á Vogarsíðunni til að sýna að tara sé nú virk. Innslegna törugildið er birt í sérstökum reit beint undir NET-vísinum.

Stilling skipavogar (aðeins M02)

1. Gangið úr skugga um að vogarpallurinn sé tómur.
2. Ýtið á og haldið SÍÐU-takkanum niðri í u.þ.b. 3 sekúndur til að kalla fram Aðalvalmyndina.
3. Veljið **6-Kvörðun skipavogar**.
4. Bíðið þar til vogin biður um viðmiðunarlóð.
5. Setjið viðmiðunarlóðið á vogarpallinn.
6. Boðin "Lóðið er á pallinum" sjást meðan vogin er að stilla.
7. Eftir stillingu birtast boðin "Gæðastuðull nn". Gildi yfir 25 gefa til kynna lélega stillingu. Í slíkum tilfellum þarf að endurtaka lið 1-6 hér að framan.
8. Fjarlægjið viðmiðunarlóðið af vogarpallinum og ýtið á SÍÐU-takkann til að komast aftur á Vogarsíðuna.
9. Vogin núllstillir sig og er nú tilbúin til notkunar.


Nánari upplýsingar er að finna í notendahandbókinni **M2200 P02 & M02 Pökkunarvog**.

Marel hf. • Austurhrauni 9 • 210 Garðabæ
sími 563-8000 • fax 563-8001

040913ISL

M 2 2 0 0

P 0 2 & M 0 2 V o g i n



- | | |
|--------------------------------|----------------------|
| ① Vigtarskjár, Vogarsíðan | ⑤ Upplýsingaplata |
| ② Straumljós | ⑥ Staðfestingartakki |
| ③ Stöðug vigt/Núll/Tara, vísar | ⑦ Síðutakki |
| ④ Breytitakkar | ⑧ Pillulesari |

Takkar og ljós

- | | |
|--|---|
|  | Staðfestingartakki.
Til að staðfesta aðgerðir. |
|  | Síðutakki.
Til að fletta gegnum síður og fara af síðum. |
|  | NIÐUR-ör.
Til að fara milli möguleika á valmyndum. |
|  | UPP-ör.
Til að fara milli möguleika á valmyndum. |
|  | NÚLL/TÖRU-takki.
Tvöföld virkni. Stillir núllpunktinn og virkjar/fjarlægir töru. |
|  | STÖÐUG VIGT, vísir. |
|  | NÚLL, vísir. |
|  | TARA, vísir. |
|  | INNSLEGIN TARA, vísir. |

Notkun - í stuttu máli


www.marel.com

Vogin sett í samband

Fyrsta skipti Stingið rafmagnssnúrunni í samband.

Hafið ávallt kveikt á voginni!
Stöðugur straumur kemur í veg fyrir raka í voginni.



Nýr núllpunktur tekinn

1. Tæmið vogarpallinn.
2. Ýtið á NÚLL-takkann.
Núllvísirinn birtist á skjánum.

Ábending

Ef ekki er hægt að stilla núllpunktinn með takkanum, er hægt að nota valkostinn Taka nýtt upphafsnúll á síðunni Vogaraðgerðir til að stilla núllpunktinn aftur.

Hægt er að skilgreina Vogaraðgerðasíðuna sem hluta Aðalvalmyndaferlisins og gera síðuna þannig aðgengilega beint frá Vogarsíðunni með SíÐU-takkanum:
Veljið **Aðalvalmynd > 4-Grunnkerfi > Kerfi > Configuration > Options > Select top menu cycle > View Scale Ops (Yes)**.



Birting Aðalvalmynda

Ýtið á og haldið SíÐU-takkanum niðri í u.þ.b. þrjár sekúndur.



Notkun aðgangsorða

Hægt er að skilgreina aðgangsorð umsjónarmanns (supervisor) til að verja uppsetningarbreytur vogarinnar:
Veljið **Aðalvalmynd > 4-Grunnkerfi > Kerfi > Configuration > Passwords > Supervisor Password**.

Notkun töru

Stíll á töru 1. Setjið bakka (töruþyngdin) á vogarpallinn og ýtið á TÖRU-takkann.

2. NET-vísirinn birtist á Vogarsíðunni til að sýna að tara sé í notkun. Nettóþyngdin á vogarpallinum er síðan sýnd þegar bakkinn er fjarlægður.

Tara afnumin Tæmið vogarpallinn og ýtið á TÖRU-takkann.

Tara prófuð Þegar tara er notuð þarf að prófa hana öðru hvoru: setjið bakka á pallinn og takið eftir hvort Vogarsíðan sýni núll. Ef ekki, ýtið á TÖRU-takkann.



Notkun sjálfvirkrar töru

1. Kannið hvort valkosturinn Sjálfvirk tara sé í gildi á voginni. Sjálfgefið er að þessi kostur er ekki valinn.
2. Veljið **Aðalvalmynd > 4-Grunnkerfi > Kerfi > Configuration > Options**.
3. Í valmyndinni Options skal velja Automatic Tare (Sjálfvirk tara) og ýta á STADFESTINGAR-takkann.
4. Færið inn YES til að vinna við Sjálfvirka töru og ýtið á SíÐU-takkann nokkrum sinnum þar til Vogarsíðan birtist aftur.
5. Setjið bakka (töruþyngdin) á vogarpallinn og ýtið á TÖRU-takkann (venjuleg tara, sjá hér að ofan).
6. Takið bakkann af vogarpallinum og setjið nýjan bakka á pallinn.

Ef þyngd nýja bakkans er innan við +/- 30% af fyrri bakkannum tarar vogin þyngd nýja bakkans sjálfkrafa og þyngdarvísirinn á Vogarsíðunni sýnir núll.